

Hvalfjarðarsveit  
Bogi Kristinsson Magnusen  
Innrimel 3, Melahverfi  
301 Akranes

Reykjavík 2. júní 2020  
UST202005-070/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga– Deiliskipulag fyrir Furugerði í landi Stóra-Botns í Hvalfjarðarsveit**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Hvalfjarðarsveitar er barst 7. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í Furugerði í Hvalfjarðarsveit.

Í greinargerð kemur fram að svæðið sem deiliskipulagstillagan nær til er hluti af landi Stóra-Botns og er um 8.9 ha. að stærð og fyrirhugað er að byggja fjögur frístundarhús ásamt fylgihúsi innan hvernar lóðar en tvö hús eru þegar byggð.

#### **Birki**

Umhverfisstofnun bendir á að birkið á skipulagssvæðinu fellur undir b. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkna sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir að áhrif deiliskipulagstillögunnar á birki og annan gróður verði í lágmarki og er eingöngu gert ráð fyrir minniháttar grisjun innan lóða. Í tillögu eru settir skilmálar um að allar framkvæmdir á svæðinu, bæði innan og utan lóða, skuli valda sem minnstu raski á umhverfinu og að leggja skuli áherslu á að öll uppbygging falli sem best að umhverfinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber

að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr., rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllt



Björn Stefánsson  
sérfræðingur